

Nokkur orð um leikreglur lýðræðisins

Kristín Ása Guðmundsdóttir 5. apríl 2023



oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Árnesi

Ég hef fjallað um það hvernig Landsvirkjun villti um fyrir starfshópum rammaáætlunar III, þegar hún þagði yfir samningi sem hún gerði vegna skaða sem virkjanir hennar höfðu valdið fram til ársins 1981. Bæði hef ég rætt þetta í blaðagrein minni „**Hvammsvirkjun – Tilraunaverkefni á manngerðu svæði og þögn Landsvirkjunar**“ á visir.is og í erindi á íbúafundi í Árnesi 15. febrúar síðastliðinn. En líklega þarfnast umræðuefni mitt frekari áréttingar. Kannski talaði ég þar ekki tungumál sem allir skildu, og skal nú gerð bragarbót á því.

Fiskistiginn í Búðafossi og búsvæði göngufiska ofan hans voru endurgjald Landsvirkjunar upp í skaða sem virkjanir hennar höfðu þegar valdið. Þetta var endurgjald – borgun – verðmæti, sum sé peningar í formi fiskistiga, laxa og lífríkisins sem tilheyrir þeim. Svæðið ofan fiskistigans stendur undir endurnýjun laxastofnsins, þ.e. verðmætanna – peninganna – borgunarinnar – endurgjaldsins sem Landsvirkjun greiddi upp í skaða sem hún olli.

Með því að þegja yfir fullgildi þessara búsvæða gegnum ferli rammaáætlunar III, sem endurgjalds upp í fyrri skaða, þá tókst Landsvirkjun að láta starfshópa rammaáætlunar flaska á hvaða borgun – þ.e. *hvaða* peninga í formi laxa og búsvæða – starfshóparnir voru með í höndunum og *hver* á þá. Til þess var leikurinn gerður. Þetta þýddi að starfshóparnir felldu Hvammsvirkjun í nýtingarflokk horfandi á rangar staðreyndir.

Sveitarstjórnnum er ætlað að gæta hagsmuna íbúa sveitarfélagsins í víðu samhengi, en ekki Landsvirkjunar. Það væri skrytið ef sveitarstjórn lét Landsvirkjun komast upp með það að hafa legið á réttarlegum grundvallarstaðreyndum innan rammaáætlunar í því skyni að setja niður Hvammsvirkjun á fólkskum forsendum – ofan í peningunum – endurgjaldinu – sem hún var búin að láta öðrum í té. Til að ráðskast með það sem sitt eigið, með ófyrirséðum afleiðingum.

Í öðru lagi, þá hafa landeigendur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi stigið fram og sagt farir sínar ekki sléttar af því þegar Landsvirkjun þóttist eiga vatnsréttindin þegar hún átti þau ekki 2007. Samningar undir áróðri um yfirvofandi eignarnám eru ekki frjálsir samningar.

Í þriðja lagi, þá vantar rannsóknir um áhrif virkjunar á samfélag. Umhverfismatið er 20 ára gamalt að mestu. Óafturkræfar framkvæmdir ætti aðeins að fara í að undangengnum nýjustu rannsóknum.

Sökum þess hversu margfaldlega hefur komið fram gagnrýni í formlegum athugasemdum og kærur á fyrirhugaða Hvammsvirkjun, nú í a.m.k. 20 ár eða lengur, þá er brýnt að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps sinni sjálfstæðri rannsóknarskyldu sinni um atvik, byggt á fyrirliggjandi upplýsingum hverju sinni. Hlutverk allra stjórnvalda er að komast að *rétt*ri niðurstöðu, byggðri á þeim.

Þess vegna er mikilvægt að sveitarstjórn taki mál Hvammsvirkjunar til gagngerrar skoðunar heildstætt. Hún þarf að hafa það hugfast að virkjunarframkvæmdir valda óafturkræfum skaða sé leyfi veitt. En sé það ekki veitt, þá skapast ráðrúm til að gaumgæfa hluti betur, fara ofan í mál og tryggja að það sé byggt á réttum upplýsingum í það minnsta.

Virðingarfyllst,

Kristín Ása Guðmundsdóttir

Leikreglur lýðræðisins

Hér verður fjallað um fyrirhugaða Hvammsvirkjun. Vísað er m.a. til bréfs míns til sveitarstjórnar dags. 28. mars 2023 og greinarinnar „Hvammsvirkjun – „Tilraunaverkefni á manngerðu svæði“ og þögn Landsvirkjunar“ sem birtist nýlega á visir.is.

Á sveitarfélögum hvílir sú ábyrgð samkvæmt lögum að gæta þess að leikreglur lýðræðisins séu í heiðri hafðar.

Hin rétta tilurð fiskistigans í Búðafossi og búsvæðanna ofan hans hefur ákveðin réttaráhrif sem skapa svæðinu jafnan tilverurétt á við önnur búsvæði – ef ekki *sérstakan* tilverurétt.

Þögn Landsvirkjunar í rammaáætlun III um tilurð búsvæðanna sem endurgjalds upp í skaða sem hún olli – gerði það að verkum að réttindi svæðisins og eignarréttur þess voru fyrir borð borin.

Leikreglur lýðræðisins urðu ekki til úr engu eða að ástæðulausu. Það er brot á leikreglum lýðræðisins þegar orkufyrirtæki leynir réttarlegri grundvallarstaðreynd fyrir stjórnarsýslustofnunum – til að tryggja eigin hagsmuni.

Leikreglur lýðræðisins

Það gengur í berhögg við leikreglur lýðræðisins (að minnsta kosti) og réttindi svæðisins ofan Búða að Landsvirkjun að hlammi sér ofan í eigið endurgjald sem hún reiddi fram sem skaðabætur vegna tjóns sem hún olli - til að ráðskast með það sjálf og ráðstafa því út frá sínum eigin hagsmunum með fyrirséðum skaða og ófyrirséðum.

Í ljósi þessa er útilokað að bótakrafa Landsvirkjunar vegna synjunar framkvæmdaleyfis teldist á rökum reist. Ótti við hana er ástæðulaus.

Leikreglur lýðræðisins

Færsla vatnsréttinda frá ríki til Landsvirkjunar vorið 2007 stangast á við 29. grein fjárreiðulaga og 40. grein stjórnarskrárinnar. Sömuleiðis á við lög um sanningsgerð, 30. og 31. grein.

Sönnun þess hvernig Landsvirkjun hélt því fast að fólki 2007 að hún ætti vatnsréttindin er bréf Landsvirkjunar til íbúa í Gnúpverjahreppi dagsett 15. nóvember 2007. Þá hafði Ríkisendurskoðun verið með málið til skoðunar síðan í ágúst.

Í bréfinu fullyrti upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar að ef samningar við landeigendur rötuðu fyrir dómstóla – þá myndu dómstólar aðeins fjalla um upphæðir – en aldrei um það hvort Landsvirkjun ætti vatnsréttindin – það væri sumsé yfir dómstóla hafið.

Landsvirkjun hélt þessu líka fast að sveitarstjórnafólki.

Þegar nóvembermánuður leið sagði Ríkisendurskoðun færslu vatnsréttindanna ógilda.

Leikreglur lýðræðisins

Árni Matthiesen þáverandi fjármálaráðherra sagði í ræðustól Alþingis eitt og annað markvert um færslu vatnsréttindanna.

M.a. það að hann tryði því ekki að menn hefðu farið að afsala eignum út á færslu vatnsréttindanna þá um vorið. – En það var nú raunin, enda þrýstingur á það óbilgjarn í krafti þeirra einmitt.

Sagði líka að hann hafi allan tímann vitað að yfirfærslan væri ekki gild (!).

Og að vatnsréttindin hefðu átt að vera samhangandi virkjunarleyfinu. Sem er í þessum töluðu orðum svo til nýveitt – og í kærufarli.

Leikreglur lýðræðisins

Landeigendur í Gnúpverjahreppi hafa stigið fram og sagt farir sínar ekki sléttar af þvingunum Landsvirkjunar til samningagerðar. Það er grafalvarlegt.

Það er tæplega ofsagt – að varla nokkur maður myndi kæra sig um að láta af hendi svo mikið sem koddaverið sitt á svona forsendum og með svona aðferðum.

Leikreglur lýðræðisins

Þegar um óafurkræfar framkvæmdir ræðir er skilyrði að vandað sé til verka. Það sé aðeins farið í þær að undangengnu heiðarlegu og löglegu ferli þar sem stuðst er við nýlegar rannsóknir.

Það er ekki raunin um fyrirhugaða Hvammsvirkjun miðað við ofangreint.

Þjóðskjalasafn fer bráðum að kalla eftir umhverfismatinu í sína vörslu. Það er aldamótabarn, unnið á árunum fyrir 2003.

Sá hluti þess sem er yngri gaf neikvæða niðurstöðu.

Það vantar rannsóknir um áhrif virkjunar á samfélag.

Leikreglur lýðræðisins

Sveitaryfirvöld Skeiða- og Gnúpverjahrepps eiga eftir að skapa platform – þ.e. íbúafund – þar sem báðir aðilar, með eða móti fyrirhugaðri virkjun eiga sæti í pallborði og flytja mál sitt. Það er lýðræðislegt, eðlilegt og nauðsynlegt.

En í stuttu máli – þá er fyrirhuguð Hvammsvirkjun illa undirbúin. Það hefur verið svínað á leikreglur lýðræðisins víða í málinu eins og rakið hefur verið. Það er nauðsynlegt að gefa í þetta spil upp á nýtt.